



106. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 9. desember, 2004, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu-nefnd um sameiningu sveitarfélaga
3. Fundarboð Héraðsnefndar Austur-Húnavetninga.
4. Fjárhagsáætlun.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.

a) **Byggðakvóti 2004 / 2005.** Fram lagt bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu þar sem tilkynnt er að Blönduóssbæ hafi verið úthlutað 69 tonnum af þeim 3.200 þorskígildistonnum til stuðnings byggðarlögum fiskveiðiárið 2004/2005. Fram kemur að tillögur sveitarfélagsins um úthlutun kvótans skulu hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. janúar 2005.

b) **Fundur með eigendum Ennisbrautar 2 vegna bruna.** Formaður bæjarráðs greindi frá fundi fulltrúum bæjaryfirvalda með fulltrúum þeirra fyrirtækja sem lentu í bruna fyrr í vetur.

2. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu-nefnd um sameiningu sveitarfélaga.

Í bréfi nefndarinnar er kynntur umsagnarfrestur um sameiningartillögur. Lagt fram til kynningar.

3. Fundarboð Héraðsnefndar Austur-Húnavetninga.

Fundur verður haldinn í Héraðsnefnd nk. mánudag, 13. desember kl. 14 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

4. Fjárhagsáætlun.

- Bæjarstjóri skýrði frá vinnu vegna starfsmats. Fundir hafa verið haldnir með fulltrúum stéttarfélaganna. Bæjarráð samþykkir að hækka launalið sbr. starfsmati um 1,3 mkr.
- Bæjarráð samþykkir 500 þús. kr. hækkun á fjárveitingu til grunnskóla til að bæta upp kennslustundir sem töpuðust í verkfalli.



5. Önnur mál.

a. Boðsbréf frá Sýslumanninum á Blönduósi. *Hinn 16. desember nk. mun dómismálaráðherra formlega opna lögreglustöðina eftir endurinnréttingu ásamt nýju lyftuhúsi að Hnjúkabyggð 33.*

b. Fundarboð. *Lögð fram fundarboð Félagsþjónustu A-Hún og Brunavarna A-Hún en fundirnir verða haldnir mánudaginn, 13. desember nk.*

***Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:35.***

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)